

Ferðamálaráð Íslands
657. fundur haldinn þriðjudaginn 8. júní 2004 kl. 16:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 656. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Kynning á stöðu nokkurra mála hjá stofnuninni.

Ferðamálastjóri fór yfir og gerði grein fyrir ýmsum verkefnum stofnunarinnar og stöðu þeirra.

3. Kynning á niðurstöðum á afgreiðslu umsókna vegna innlendirar kynningar

4. Uppbygging tjaldsvæða

Dreift var til kynningar drögum að leiðbeiningum um uppbyggingu tjaldsvæða, sem unnið hefur verið að í stofnuninni.

5. 7. júlí og Ferðamálaráðstefnan í haust.

Gengið var frá fyrirkomulagi á afmælishátíð ráðsins 7. júlí, þegar 40 ár eru liðin frá fyrsta fundi ráðsins. Þá var samþykkt að ferðamálaráðstefnan í haust yrði haldin á Kirkjubæjarklaustri. Og skal kannað með dagana 14. og 15. október

6. Önnur mál.

Dagur Eggertsson ítrekaði beiðni um samantekt um framkvæmd á skýrslunum um menningartengda ferðaþjónustu og heilsutengda auk skýrslunnar um framtíðarsýn. Þá minnti hann á fyrri umræður um viðhorf til hvalveiða og taldi nauðsynlegt að ráðið setti þá umræðu í farveg.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:10.